



Flugmálastjórn Íslands

Flugslysæfingin Bíldudalur 2006



Lokaskýrsla

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	5
Inngangsorð	6
Orðskýringar	8
Handrit æfingarinnar	10
Almennt um framgang æfingarinnar	11
Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir	13
Vettvangsstjóri → Jónas Sigurðsson	15
Gæslustjóri → Sveinn Ólafsson	17
Aðhlyningarstjóri → Puriður Ingimundardóttir	18
Brunavarnir Vesturbyggðar Patreksfirði → Sigurður Pétur Guðmundsson	19
Slökkvilið Tálknafjarðar → Aðalsteinn Magnússon	20
Slökkvilið Bíldudals	21
Slökkvistarf, klippuvinna og almenn björgunarstörf. → Árni Ómar Árnason	22
Heilbrigðishópur → Puriður Ingimundardóttir, Bára Benediktsdóttir og Gísli E. Haraldsson	24
Lögreglan á Patreksfirði, undirbúningur → Davíð Rúnar	26
Vettvangsstjórn: Undirbúningshópur → Lilja Magnúsdóttir	29
Björgunarsveitin Blakkur → Sverrir Haraldsson	31
Björgunarsveitin Tálkni → Ólafur Gunnbjörnsson	32
Flugradíómenn / AFIS → Finnbjörn og Torfi	33
Flugvöllur → Bjarni Sighvatsson og Kristján Torfason.	34
Fjöldahjálp → Jón Brynjar Birgisson og Jóhanna Ólafsdóttir	35
Aðgerðarskráning	37



Þessi skýrsla er gefin út af Flugmálastjórn Íslands en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:
Kristján Torfason kristjan@caa.is og Bjarni Sighvatsson bjarnis@caa.is

Inngangsorð.

Dagana 6-8. október sl. var haldin flugslysaæfingin Bíldudalur 2006. Æfingin var liður í því skipulagi Flugmálastjórnar Íslands að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Flugmálastjórn, gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar. Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Að þessu sinni var verkefnið að miklu leiti langt í hendur heimamanna. Skrifuðu þeir einstaka þætti skýrslunnar til samræmis við nýtt form.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vó sem snert getur viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vó.

Flugslysaáætlun Bíldudalsflugvallar byggist á viðbrögðum viðbragðsaðila frá þremur byggðarlögum, Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Ef æfa ætti á þann veg að útkall og viðbragð yrði á rauntíma þá væri ljóst að nokkuð langur tími gæti liðið á milli komu fyrstu viðbragðsaðila til þeirra síðustu og því ljóst að æfingin væri komin nokkuð á leið þegar þeir sem lengst koma að myndu mæta. Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlyningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, umönnun þar og að lokum flutning á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.

Því var valin sú leið að láta alla viðbragðsaðila bíða skammt frá flugvellinum og við útkallið mættu þeir til aðgerða með fimm mínútna millibili til þess að viðbragðsröðin endurspeglaði raunveruleikann að nokkru leiti.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikið framlag sjálfbóðaliða, en víða yrði harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í flestu mjög vel og það er ykkur að þakka. Flugmálastjórn og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka heimamönnum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og hvað vel fór á æfingunni..

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.



Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysavíðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn.

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna.. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við sérhæfða starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn er lítil hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slys)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttastjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála. Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsröðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórnar. Dæmi um lausnaraðila eru:

slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, aðhlyningarsamtök og margir fleiri.

Samhæfingarstöð.

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórnar þegar umfang aðgerða krefst þess.. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Flugslýsaæfing á Bíldudal.

Nokkrar tímaskráningar:


13:16:00	Start.
13:28:30	Viðbragðsaðilar frá Tálknafirði.
13:29:00	Vettvangsstjóri hefur störf.
13:34:00	Viðbragðsaðilar frá Patreksfirði.
13:37:00	Söfnunarsvæði slasaðra opnar.
13:16:30	Turn líkur tilkynningu til 112.
14:00:00	Fyrsti sjúklingur í SSS.
13:17:30	Turnmaður af stað með slökkvibíl.
14:09:00	Greiningar læknir á SSS (frá slysstað)
13:19:00	Flugvelli berast neyðarboð frá 112.
14:59:00	Seinasti sjúklingur af slysstað.
13:21:00	Flugafgreiðsla sendir búnað á slysstað.
15:20:00	Flutningur síðasta sjúklings.
13:25:00	Viðbragðsaðilar frá Bíldudal.
15:35:00	Lok æfingar á flugvelli.
15:50:00	Fjöldahjálparstöð lokar. Endir æfingar.
15:57:00	SST (Samhæfingarstöð lokar).

Alls tóku milli 80 og 85 manns þátt í æfingunni. Frá þremur björgunarsveitum, þremur slökkviliðum, Rauðakrossdeild, Heilbrigðisstofnun, lögreglu, leikarar, aðstoðarmenn þeirra og "aðstandendur".



Handrit æfingarinnar.

Dornier 228 hlekkist í landingu.
Brotlendir vestanmegin við suðurenda flugbrautarinnar.
Brak dreifist, eldar loga, farþegar fastir í flaki.
Áætlaður fjöldi 18 farþegar og 2. manna áhöfn.
Áætluð áverkaskipting þolenda er 4 láttnir, 2 rauðir, 6 gulir og 8 grænir.



Almennt um framgang æfingarinnar.

Svo sem verið hefur á undangengnum æfingum þá hafði vettvangurinn verið sýndur og kynntur á kynningarfundum og svo aftur á stöðufundi kvöldi fyrir æfinguna. Flugslysaæfingar eru ekki keppnisæfingar þar sem keppt er um besta tímann. Þvert á móti er ætlast til að menn vinni hægar, gefi sér tíma til að veða og meta hluti til þess að geta tekið sem skynsamlegastar ákvarðanir.

Flugslysaæfingar snúast númer eitt um samvinnu margra ólíkra aðila þar sem hver viðbragðseining veit ágætlega hvernig hún á að vinna sín sérhæfðu verk en eru í mörgum tilfellum alls óvanir að vinna með mörgum öðrum. Samvinna og samþætting er því rauði þráðurinn í öllum flugslysaæfingum.

Slysavettvangurinn var við suðurenda flugbrautarinnar.

Hann var byggður upp á nokkuð hefðbundinn hátt það er að nægilega mörg og hæfilega ögrandi verkefni væru fyrir viðbragðsaðila. “Flakið” var dreift um nokkuð stórt svæði, myndarlegir eldar loguðu, fólk var fast í braki, slasaðir lágu og hrópuðu á hjálp, minna slasaðir ráfuðu um svæðið.

Í ljósi þess að hér var um æfingu í samvinnu að ræða þá var ákveðið að viðbragðsaðilar frá Patreksfirði og Tálknafirði væru komnir í næsta nágrenni við flugvöllinn. Þegar blásið var til æfingar þá komu Bílddælingar fyrstir á vettvang, Tálknafjörður fimm mínútum seinna og Patreksfirðingar fimm mínútum þar á eftir. Þetta tryggði að aðkoman var í réttari röð og nægilega mikill tími á milli til þess að gefa raunsæja mynd að einhverju leiti en ekki svo mikill tími að menn næðu ekki að vinna saman í næstum öllum ferlinum. Æfingin gekk vel í heild. Hún var ekki hnökralaus en hin fullkomna æfing verður aldrei haldin. Það gafst miklu betur að nota flugstöðina sem söfnunarsvæði slasaðra heldur en vélageymslur flugvalla sem oft hafa verið notaðar í slíkum tilgangi. Starfsmaður flugfélags lét fólk í biðsal rýma salinn þannig að hann var tilbúinn til uppsetningar söfnunarsvæðis. Flæði sjúklinga var gott. Nokkrum hluta þeirra var hleypt hraðar í gegn en efni stóðu til. Var þetta gert til þess að þeir lausnaraðilar sem taka við þeim sem minna slasast og aðstandendum þeirra fái verkefni fyrr en oft hefur verið. Vettvangsstjórn sem starfaði í flugstöðinni hafði góð tök á hlutunum og naut að nokkru nálægðar við aðgerðarstað þó það ylli líka einhverri truflun.

Lokun vallarins vegna “sjúkraflugs” gekk illa framan af en menn náðu tökum á því er á leið. Ekki hafði verið lögð áhersla á þennan þátt fyrir æfinguna.

Eins og oft áður gekk frekar illa að útvega sjúklinga en með því að fara í skóla með kynningu þá tókst að fá nægilegan fjölda.

Heimamenn lögðu mikla vinnu í undirbúning og framkvæmt æfingarinnar. Það ánægjulega var að þeir tóku frumkvæðið í sínar hendur og skipulögðu námskeið og þjálfun, vinnu við gerð flugslysaáætlunar auk fleiri þátta. Eiga þeir sérstakt hrós skilið fyrir það.

Nú þegar heimamenn fá þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri. En eftir stendur að í lok æfingarinnar, á meðan voru að kasta mæðinni héldu viðbragðseiningar fundi þar menn báru saman bækur sínar, skrifuðu niður það sem þeim fannst vel hafa farið og ekki síður það sem þeim fannst að mætti bæta, breyta eða gera allt annan hátt. Nú er boltinn hjá ykkur, heimamenn. Þið vitið hvað þig gerðuð rétt og vel. Hér hafið þið einnig skrifað hvað bæta má. Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu. Ekki láta þessa minnispunkta týnast uppí hillu, heldur skráið þá niður og lagið það sem laga þarf og verið meðvitaðir um það sem þið gerðuð vel og rétt. Flugmálastjórn og ráðgjafar þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir ánægjuleg viðkynni.



Flugslýsaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugmálastjórn, Slökkvilið Akureyrar, SHS, Lögreglan á Patreksfirði.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi, síðan á SSS > Leikaramiðstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur fyrir æfinguna gekk þökkalega vel, Davíð Rúnar á Patreksfirði var minn tengiliður og hann sá um að auglýsa eftir leikurum. Það gekk frekar seint og illa. En bjargaðist á síðustu dögnum fyrir æfingu eins og svo oft áður með því að fara á milli staða með kynningar.

Eitt atriði sem ég var mjög óhress með en það var ruglingur með rútuna sem ég taldi að væri til afnota fyrir leikara á æfingunni, en hún var tekin og notuð sem aðstaða til að geyma Græna sjúklinga á meðan æfingu stóð. Þetta olli miklum ruglingi og leikarar voru frekar óánægðir með að þurfa að bíða mjög lengi eftir því að fá flutning til Bíldudals eftir að þeir luku við sinn leik. Reynslan hefur kennt okkur það að það á aldrei að nýta sömu faratækin í bakskipulagi og eru í notkun á æfingunni sjálfri.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ég fékk góða aðstoð Davíðs Rúnars og annarra heimamanna við að undirbúa og útvega allt það sem þarf vegna leikara á æfingunni.

Förðunarnámskeið var haldið í byrjun september og konur frá Bíldudal og Patreksfirði tóku þátt. Þær útbjuggu alla áverka á æfingunni og gerðu það mjög vel. Frábær frammistaða hjá þeim þar sem enginn þeirra hafði gert nokkuð líkt þessu áður.

Leikarakynningar voru haldnar á Patreksfirði og Bíldudal og einnig í skólanum á Tálknafirði. Við fengum 17 leikara sem voru flestir 14-15 ára en við vorum einnig með eldri leikara, sá elsti fæddur 1929. Þeir sýndu mikla þolinmæði og vegna veðurs var lítið kvartað um kulda. Margir áttu frábæra spretti og sýndu flottan leik á æfingunni. Takk fyrir flottan leik og frábæra takta. Þar sem vantaði að fá fleiri til að leika aðstandendur þá voru 3 slökkviliðsmenn settir í það hlutverk þegar þeir höfðu lokið við sína vinnu á æfingunni. Það má segja að þeim hafi heldur betur tekist að hrista upp í þeim sem voru við vinnu á SSS.

Skráning og utanumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel. Farþegalisti var tilbúinn vel tímanlega og stóðst 100% .

Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk mjög vel þar sem samvinna við SA og SHS sem sáu um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel.

Þakkar til allra sem komu að umsjón og undirbúningi leikara á æfingunni. Þið stóðuð ykkur frábærlega. Takk fyrir okkur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Flugslysæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Vettvangsstjóri	Jónas Sigurðsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vettvangsstjóri í stjórnstöð/ásamt því að fara um vettvang

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur varðandi RKÍ þátt æfingarinnar, undirbúningsaðilar vanmátu þann þátt varðandi umönnun aðstandenda/farþega sem hugsanlega ætluðu með vélinni sem brotlenti. Skipulagning og stjórn á söfnunarsvæði bjarga, virkari stjórnun og ákveðni þar. Skilvirkari ákvarðanir varðandi búnað bjarga, betra utanumhald um þennan þátt. Gera betur grein fyrir skipulagi á flutningi óslasaðra í aðhlyningarstöð/Bíldudal.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Mitt mat að flutningar á óslösuðum var ekki nægjanlega vel skipulagðir og undirbúnir fyrir æfinguna. Ekki gerðar nægilegar ráðstafanir varðandi aðstandendur/farþega, þeim þætti var ekki nægilega vel sinnt. Fjarskipti í byrjun æfingar ómarkvissar, þar til vettvangsstjórn náði tökum á ástandinu og fór að ná heildarsýn, þetta átti bara við fyrstu mín., eftir að komið var á vettvang. Varðandi flutningaþáttinn, hann gekk að mínu mati nokkuð vel fyrir sig, ef til vill hafði flutningastjóri ekki nægilega mikla yfirsýn yfir flutningatæki og búnað, að öðru leiti gengu flutningar vel. Varðandi þátt björgunarstjóra, sem sér um talningu á slysstað, vantaði markvissari ráðstafanir þar, þar sem tölur bárust afar hægt inn til stjórnstöðvar. Spurning hvort ekki ætti að setja inn í skipulag að björgunarstjóri setji einn mann til þess að sjá um talningu á slysstað til að sá þáttur verði markvissari. Þá mætti einnig skoða að björgunarstjóri fengi sér til aðstoðar aðstoðarbjörgunarstjóra, þar sem það virðist vera of stórt verkefni fyrir björgunarstjóra að sjá um skipulag og stjórnun á slysstað, skipa mönnum til verka og vera með t.d. tvær talstöðvar sem hann þarf á sama tíma að tala í og gefa fyrirskipanir. Þennan þátt þarf að skoða og taka til endurskoðunar. Gera ráðstafanir til að halda utan um birgðir og birgðahald, halda skráningu þar í lagi.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar gekk vel í alla staði, skipulagið nokkuð gott og menn nokkuð vel meðvitaðir um þeirra þátt í æfingunni. Allir virtust hafa farið vel yfir skipulagið og kunnu því nokkuð góð skil.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Flæði frá slysstað á SSS gekk vel fyrir sig og skipulagið á því gekk vel. Allar einingar sem komu að æfingunni skiluðu sínu og kunnu til þeirra verka sem þeir voru settir til. Umönnun og frágangur slasaðra gekk vel og fumlaut fyrir sig. Í það heila tekið gekk æfingin vel fyrir sig að mínu mati.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Gæslustjóri	Sveinn Ólafsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögregla - Björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Færanlegur, þó aðallega við SSS og flughlað

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Gott hefði verið að fara á svæðið fyrir æfingu og skoða pósta og hugsanlega aðrar leiðir inná æfingasvæðið af óviðkomandi, til að koma í veg fyrir að það komist inná svæðið.

Fjarskiptaeign lögreglu óviðunandi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Vantaði mann í gæslu við slysavettvang.

Hlýðni ökumanna vegna lokunnar flugbrautar ekki sem skildi.

Skráning/talning erfið vegna komu rútu, sjúklingar fóru ekki inn á SSS.

Lík flutt af vettvangi, þrátt fyrir fyrirmæli um að láta þau vera kyrr.

Aðstandandi fluttur á slysavettvang með rútu samkvæmt heimild vettvangsstjórnar.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Námskeið sem haldin voru fyrir æfinguna góð og gagnleg.

Skrifborðsæfing mjög góð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Talning var í lagi.

Starfstöðvar löggæslu skiluðu sínu hlutverki nokkuð vel.

Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðhlyningarstjóri	Puríður Ingimundardóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

--

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

SSS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Setja þarf inn á flugslysaáætlunina að aðhlyningarstjóri þarf að hafa fjarskiptamann.
Þar sem greiningateymi var hleypt seint inn á svæðið náðist ekki yfirsýn yfir bráðaflokkun og ferli slasaðra á vettvangi. Illa gekk að fá mannskap í böruburð og tafðist brottför sjúkraflugvélar vegna þess.
Aðstandendur voru í flugstöð þegar að var komið – þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir tókst ekki að flytja þá í fjöldahjálparstöð. Í flugstöð þarf að fá annað greiningarborð og traustari búkka, þeir sem þar eru – eru óstöðugir, í tvígang þegar komið var með sjúkling munaði engu að þeir féllu á gólfið.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Vel var hugsað um sjúklinga á vettvangi og vel var unnið að undirbúningi á þeim fyrir flutning. Greiningasveit vann yfirveguð og fumlaus. Á SSS gekk rennsli sjúklinga vel og starfsfólk yfirvegað. Öllum beiðnum frá SSS var sinnt fljótt og vel, heilbrigðisstarfsmenn og sjúkraflugvélar komu fljótt bæði frá Reykjavík og Akureyri. Grænir sjúklingar voru afgreiddir í rútu vegna plássleysis og auðveldaði það ummönnum veikra sjúklinga. Aðkoma í flugstöð var góð, starfsmaður var búinn að koma flestum aðstandendum í burtu og byrjaður að rýma.

Flugslysæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Brunavarnir Vesturbyggðar Patreksfirði.	Sigurður Pétur Guðmundsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið, Björgunarsveitir, Heilbrigðisstarfsfólk.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Yfirsýn björgunarstjóra ekki góð á vissum tímamarki. Fjarskipti ekki nógu hnitmiðuð á vettvangi.

Björgunarstjóri hefði þurft að skipa sér aðstoðarmann strax í upphafi. Fjarskiptabúnaður þarf að vera betri.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Námskeiðin og kynningarnar á síðustu vikum hafa verið mjög góðar og lærdómsríkar og æfingin finnst mér hafa gengið vel í heild sinni þegar hún var komin val af stað.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Slökkvilið Tálknafjarðar	Aðalsteinn Magnússon

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið Tálknafjarðar, Brunavarnir Vesturbyggðar.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysstað.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Full margir fundir allra eininga. Spurning hvort nauðsynlegt sé að allar einingar komi að áætlanagerð fyrir Flugmálastjórn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Söfnun slasaðra á slysstað var ábótavant.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Gott námskeið sem haldið var á Bíldudalsflugvelli, fínt að fá stutt upprifjunarnámskeið eins og haldið var á föstudag í skyndihjálpi og greiningu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Góð uppsetning æfingar, fjöldi verkefna fyrir alla þar af leiðandi var mjög lítið um dauðan tíma.

Flugslysæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
	Slökkvilið Bíldudals

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Brunavarnit Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Kópur. Blakkur. Tálkni. Lögregla. Heilbrigðisstofnun. Rauðakrossdeild. Slysadeild. Almannavarnir. Flugmálastjórn.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysstað.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Slysstaður hefði mátt vera betur afmarkaður. Björgunarstjóri hefði mátt hafa aðstoðarmann í upphafi æfingar vegna innkomu björgunarhópa. (myndaðist smá kaos í byrjun). Vantaði skráningarblöð til að skrá slasaða út af slysstað. Fjarskipti ekki nógu góð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Talning slasaðra hefði mátt ganga betur. Rás 5 ofnotuð af björgunaraðilum. Björgunartæki hefðu mátt vera staðsett fjær slysstað.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Slökkvistarf og trygging vettvangs gekk vel. Vatnsöflun frá tankbíl Brunavarna Patreksfjarðar virkaði vel. Æfingin og undirbúningur var afar lærdómsrík.

Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla ráðgjafa.

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) eða starfseining:	Skýrsluritari/ar:
Slökkvistarf, klippuvinna og almenn björgunarstörf.	Árni Ómar Árnason SHS

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni:
Slökkvilið Vesturbyggðar og Tálknafjarðar

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysstað, suðurenda flugbrautar 05.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það sem að fór ekki nógu vel á þessari æfingu eru eingöngu hlutir sem hægt er að bæta með fleiri og markvissari æfingum. Hluti slökkviliðsins eru ungir menn sem að vantar meiri reynslu og það þarf að skerpa betur á öllum grunn hlutum slökkvistarfsins s.s. klippuvinnu, slöngulögnum, vatnsöflun og froðuvinnu sem eru grunn hlutir sem allir verða að vera með á hreinu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Heit yfir fannst mér æfingin ganga ágætlega en það er alltaf hægt að gera aðeins betur. Það gekk ekki nógu vel að koma vatni á slöngur, einnig verður að gæta þess að lögnin sé nógu löng fyrir verkefnið í upphafi svo að ekki þurfi að bæta inn í lögnina eftir að vatnið er komið á, það er tímafrekt þegar að liggur mikið við. Björgunarstjóra gekk ekki nógu vel að vinna úr sínu verkefni. Hann þarf að kalla til sín aðstoðarmann snemma í ferlinu svo að hann nái að hafa yfirsýn yfir vettvanginn. Gott væri að slökkvistjóri Vesturbyggðar eða fulltrúi hans kæmu björgunarstjóra til aðstoðar þegar að hann kæmi á vettvang, hann er sá aðili sem þekkir best sinn mannskap hvað varðar styrk og sérhæfingu. Skoða þarf fjarskiptamál slökkviliðanna þar sem að þau gengu ekki nógu vel, tryggja þarf fjarskipti eða að skipa sérstakan mann í að bera á boð starfshópa á milli. Klippuvinnan gekk að mörgu leyti ágætlega en fjölga þarf í hópi þeirra manna innan liðsins sem þekkja og kunna að beita þessum búnaði betur. Einnig þarf að bæta allverulega við tækja og verkfærakost þeirra til að fást við björgun úr bílflökum. Stjórnendur slökkviliðsins þurfa að vera meira áberandi þegar að slys sem þessi ber að höndum, þeir voru komnir á kaf í almenn björgunarstörf. Þeir eru stjórnendur á slysstað og verða að geta metið framgang verkefnisins. Allt of margir slökkviliðsmenn voru að fást við þennan litla eld sem á staðnum var. Stjórnendur verða að skipta liði þ.e. að hluti af mannskapnum fari í slökkvistarf, aðrir í klippuvinnu og enn aðrir í almenna björgunarvinnu og aðhlyningu slasaðra. Í slökkviliði á stað sem þessum væri gott að sérhæfa hluta hópsins betur í aðhlyningu slasaðra og klippuvinnu og þá hinn hluta hópsins í slökkvistarfi.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Slökkviliðin stóðu vel að undirbúningi æfingarinnar. 14 dögum fyrir æfingu fengu þeir Georg Arnar Þorsteinsson slökkviliðsmann frá Keflavíkurflugvelli til sín á vegum Brunamálastofnunar þar sem að hann fór yfir aðkomu og björgun úr flugvélum bæði bóklega og verklega. Einnig mættu þeir vel í þá kennslu sem í boði var á vegum ráðgjafahópsins. Það er mitt mat að þessi góði undirbúningur hafi skilað sér vel í þessari æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Menn gengu rösklega til verka og voru ósérhlífir. Þeir leistu sín verkefni ágætlega og vel gekk að koma slösuðum af skaðasvæðinu yfir á SSS. Mig langar að geta þess að ég hef aldrei orðið var við eins mikið þakklæti í garð okkar í ráðgjafahópnum. Námsfúsara fólki hef ég aldrei leiðbeint frá því að ég byrjaði að taka þátt í þessum æfingum.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla um niðurstöður æfingarinnar

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) eða starfseining:	Skýrsluritari/ar:
Heilbrigðishópur	Puríður Ingimundardóttir Bára Benediktsdóttir Gísli E. Haraldsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni:
Læknir, hjúkrunarfræðingar, sjúkraflutningsmenn og ófaglært fólk

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi og söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Þar sem flestir voru að vinna með bráðaflokkunar og áverkamatsspjöld í fyrsta skiptið hefði mátt kynna þau fyrr. Við leggjum til að heilbrigðisgeirinn æfi a.m.k. einu sinni á ári með öðrum viðbragðsaðilum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis: Vettvangur: Þar sem greiningarteymi var hleypt seint inn á svæðið náðist ekki yfirsýn yfir bráðaflokkun og ferli slasaðra á vettvangi. Lagt er til að lækni verði hleypt að björgunarstjóra strax í upphafi svo hann geti haft yfirsýn yfir bráðaflokkun frá upphafi. Söfnunarsvæði slasaðra: Illu gekk að fá mannskap í böruburð. Þetta olli því að flugvél þurfti að bíða eftir að sjúklingar kæmu um borð. Gera þarf ráð fyrir að björgunarsveitarfólk þurfi strax í upphafi á SSS. Búkkarnir og greiningarborð. Búkkarnir undir greiningarborðinu voru óstöðugir og einnig hefði mátt koma öðru greiningarborði að til að flýta fyrir áverkamati sjúklunga. Ekki fékkst flutningur fyrir aðstandendur á fjöldahjálparstöð þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.
--

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Aðdáunarvert hversu mikið fólk lagði á sig við undirbúning að æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

HSP: Við tilkynningu frá NL ákvað framkvæmdarstjóri í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðing að kalla til allt tiltækt starfsfólk til undirbúnings komu lítið slasaðra á stofnunina. 7 uppábúin rúm voru reiðubúin á fyrstu 20 mínútum eftir útkall.

Vettvangur: Vel var hugsað um sjúklinga á vettvangi og vel var unnið að undirbúningi á þeim fyrir flutning. Vinnubrögð voru fumlauis og úthugsuð.

Söfnunarsvæði slasaðra: Uppsetning á SSS gekk skipulega fyrir sig. Allir voru yfirvegaðir og flæði sjúklinga gegnum SSS var gott. Grænir sjúklingar voru afgreiddir úti í rútu vegna plássleysis sem auðveldaði umönnun veikari sjúklinga.

Beiðnum frá SSS um auka birgðir var sinnt vel. Heilbrigðisstarfsmenn og sjúkraflug frá Reykjavík og Akureyri kom fljótt og vel.

Máli var einstaklega vel sinnt í máli móður sem missti ungabarn inni á SSS. Eftirá að hyggja var það góð ákvörðun að taka ófaglært starfsfólk með til starfa á SSS.



Flugslysæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Lögreglan á Patreksfirði, undirbúningur	Davíð Rúnar

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan og svæðisstjórn

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Aðeins tekið á undirbúningsþætti hér.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Tölvupóstur

Minnispunktur voru sendir út (um einn á viku) síðustu vikunnar fyrir æfingu. Það var útbúinn sambandslisti heimamanna þar sem voru einn til tveir frá hverri einingu. Í þessum tölvupóstum voru ýmsar gagnlegar upplýsingar sem ekki skiluðu sér nógu vel til þeirra sem tóku síðan þátt í æfingunni.

Það mætti senda tölvupóst á alla aðila sem taka þátt í æfingunni.

Almannavarnanefnd

Almannavarnanefnd var ekki látin vita af æfingunni fyrr en tveimur vikum fyrir æfingu, og tók því ekki þátt í undirbúning.

Þar sem nefndin bar ábyrgð á þessari æfingu er óviðunandi að hún hafi ekki verið með í ráðum frá upphafi. Bæði þegar æfingin var kynnt fyrir öllum vorið 2006 og síðan þegar undirbúningur hófst um haustið.. A.V. nefnd verður að vera upplýst um ábyrgð og skyldur.

Hins vegar kom þetta ekki að sök gagnvart æfingunni því formaður A.V. nefndarinnar fól lögreglu undirbúning og framkvæmd æfingarinnar. Lögreglan fékk síðan svæðisstjórnina sér til aðstoðar og tókust þessir þættir mjög vel.



Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Aðgerðastjórn

Ákveðið var að setja saman hluta af aðgerðarstjórn og vettvangsstjórn. Hluti af aðgerðastjórn verður í SST. Hins vegar tók ekki nema lítill hluti þess mannskaps sem þar vinnur þátt í æfingunni. Þegar verið er að breyta út frá vananum og útbúa nýtt skipulag er nauðsynlegt að þeir sem koma til með að vinna eftir því fái að æfa sig á því.

Muna að láta alla í SST taka þátt þegar verið er að gera jafn viðamiklar breytingar og hér voru gerðar.

Brunavarnaáætlun sveitafélaganna

Í brunavarnaáætlunum sveitarfélaga er lítið minnst á flugvelli, oftast er setning "slökkviliðið sinnir ekki þessum þætti og er ekki þjálfað til þess". Nú er í vinnslu áætlun fyrir þetta svæði.

Gera þarf samning á milli Flugmálastjórnar og slökkviliðanna á svæðinu um samstarf vegna flugslysa.

Vindátt

Við undirbúning þurfti að taka tillit til vindáttar, þar sem ekki er hægt að komast að flugbrautinni úr báðum áttum.

Gera þarf akfæran slóða frá þjóðveginum og að innri enda brautarinnar til þess að björgunarlið komist að flugvél sem er úti á enda brautar, hvernig sem vindátt er.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Einingar

Einingarnar tóku mikinn þátt í undirbúningi meðal annars með því að uppfæra alla útkallslista hjá sér og yfirfara allan búnað hjá sér.

Námskeið

Ákveðið var að halda námskeið og æfingar í mánuðinum fyrir æfinguna en ekki bara æfingarhelgina sjálfa. Þetta mæltist vel fyrir og skilaði mun markvissari þjálfun.

Fara þarf í samstarf með Björgunarskólanum, Brunamálaskólanum, Rauðakrossinum, og öðrum sem þjálfu neyðaraðila á stöðunum fyrir æfingarnar.

Undirbúningur

80 % af minni vinnu (sem lögreglumaður) í einn mánuð fór í að undirbúa þessa æfingu. Ég fór á 28 fundi á þessum mánuði (fundur er þar sem fleiri en þrír hittast og ræða saman) sendi óhóflega mörg e-mail og talaði slatta í síma, fyrir utan óformlegt spjall við aðila sem komu að æfingunni.

Vonandi hefur þessi vinna skilað einhverju.

Ég legg til að í svona umfangsmiklum æfingum sé einhver heimamaður á fullu kaupum við að undirbúa æfinguna eins og gert var í þessu tilfelli.

Punktur og spurningar sem ég tel rétt að komi fram.

Á Rauðikrossfólk að fara út á flugbraut og aðstoða við ummönnun slasaðra á vettvangi?

Ég tel að það hafi verið mjög ganglegt að senda aðila frá Rauðakrossinum út á flugbraut því það eru sjaldan of margir að sinna sjúklingum sem liggja úti á túni. (hér er ekki verið að tala um sjúklinga sem eru fastir í flakinu eða inni á miklu hættusvæði)

Á að flytja lítið slasaða í fjöldahjálparstöð?

Læknir í æfingunni ákvað að allir farþegar skyldu sendir á Heilsugæsluna á Patreksfirði til skoðunar. Þannig að ef um raunveruleika væri að ræða hefði enginn komið í fjöldahjálparstöðina.

Rútan sem notuð var fyrir leikara var einnig notuð fyrir aðstandendur. Þetta olli síðan misskilningi og ruglingi, vegna þess að leikarar sem búnir voru að leika þurftu að nota hana áfram. Þetta eru mistök undirbúningsaðila.

Vettvangsstjórn og aðgerðastjórn voru sameinaðar á þessari æfingu. Bæði vegna þess hversu fáir eru til þess að sinna þessum störfum og einnig vegna fjarlægða og erfiðra fjarskipta milli fjarða.

Þetta gekk að okkar mati mjög vel og verður örugglega gert ef slysið er jafn staðbundið og á flugvellinum. Einnig eru menn sammála um að ef flugvélin er "týnd" sé skynsamlegra að virkja aðgerðastjórn á Patreksfirði og vettvangsstjórn þar sem hinir slösuðu finnast.



Flugslýsaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Vettvangsstjórn, undirbúningshópur.	Lilja Magnúsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan á Patreksfirði og svæðisstjórn svæði 6

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í stjórnstöð á Bíldudalsflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Kynningarfundur í upphafi, allir sem á kynningarfund eru boðaðir þurfa að vera meðvitaðir um að láta sínar einingar/stofnanir vita af æfingunni og hugsanlegum kostnaði sem af henni hlýst.

Ítreka þarf fyrir aðilum að kynna sér vel áætlunina og þekkja fyrirmæli í henni svo sem með fjarskipti og annað sem er fyrirfram ákveðið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Skýrara verkferli fyrir fyrstu verkþættina til að auðveldara sé að ná stjórn á atburðarásinni, móttöku bjarga, lokanir og stýringu bjarga á vettvang. Hægt er að útbúa tékklista sem hafður er til hliðsjónar við upphaf aðgerðar hvað þarf að gera og hafa í huga (líkt og tékklistar svæðisstjórna í aðgerðum).

Flugturn ætti að hafa beint samband við gæslustjóra til að flýta fyrir upplýsingaflæði varðandi lokanir á flugbraut, vettvangsstjórn á ekki að þurfa að bera boð á milli. Einnig má hafa í huga að starfsmaður sé á flughlaði til að tryggja öryggi þar þegar vélar eru að koma og fara.

Ekki bárust neinar tilkynningar til vettvangsstjórnar um aðstandendur í flugstöð eða fjölda þeirra sem þar voru við þannig að vettvangsstjórn hafði ekki tök á að bregðast við veru þeirra þar.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Gott upplýsingaflæði var til allra þátttakenda í gegnum tölvupóst á undirbúningstímanum, þannig að allir höfðu tök á að fylgjast með gangi mála.

Námskeið og fræðsla var í boði fyrir þá sem vildu á undirbúningstímanum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Samband við SST náðist strax í gegnum síma og tölvusamband og starfsmenn þar upplýstu og aðstoðuðu mjög vel í gegnum alla aðgerðina. Engar upplýsingar bárust beint frá aðhlyningarstjóra til vettvangsstjórnar, aðeins í gegnum aðgerðagrunninn þar sem starfsmenn SST skráðu allar upplýsingar jafnóðum og þær bárust frá SSS í gegnum síma sem þau höfðu. Fullnægjandi skráning aðgerðar náðist ekki í upphafi en tiltölulega fljótt náðist að koma henni í sæmilegt horf. Engar upplýsingar bárust þó af vettvangi inn til skráningar nema eftir þeim væri kallað í talstöð en þá var reynt að skrá þær jafnóðum.

Athuga mætti möguleika á aukahópum í grunninum þar sem hægt væri að skrá t.d. slökkvilið eða heilsugæslu í aðgerðum sem þessum til að halda heildstætt utan um upplýsingar.

Fjarskipti gengu þokkalega þegar búið var að koma þeim á og tækjabúnaður svæðisstjórnar, talstöð með færanlegu loftneti, handtalstöð og fartölva nýttust mjög vel í þessari aðgerð.

Skjávarpi í eigu björgunarsveitanna var notaður til að varpa grunninum upp á vegg í stjórnstöð, vettvangsstjórn, gestum og æfingarstjórn til upplýsinga og auðveldaði það upplýsingaflæði í stjórnstöð að einhverju leyti. Ekki er þó raunhæft að gera ráð fyrir slíku tæki í aðgerð.

Almennt virkaði þetta fjarskiptafyrirkomulag við SST vel að okkar mati, við fengum góðar upplýsingar frá SST og við teljum að okkur hafi tekist að koma frá okkur því sem þurfti. Einnig náði SST sambandi við fjöldahjálparstöð til að bera boð á milli fyrir okkur og það virtist einnig ganga vel.

Hafa verður þó í huga að fjölmiðlapátturinn varð útundan í þessari æfingu þar sem í aðgerð mun verða reynt meira að ná á slysstað. Fréttamenn frá RÚV á Ísafirði voru þó á staðnum allan tímann og mynduðu æfinguna og tóku viðtöl að henni lokinni. Auk þess var ljósmyndari á vegum vettvangsstjórnar á staðnum og tók mikið af myndum.



Flugslýsaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarsveitin Blakkur	Sverrir Haraldsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

-----/flutningsstjóri

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Við flugstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Töluvert skorti á þjálfun einstakra þátttakenda. Ég var sjálfur t.d. frekar illa undirbúinn undir hlutverk flutningsstjóra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Ákveðin starfssvæði hefði mátt afmarka betur t.d. biðsvæði. Mannekla var ákveðið vandamál.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningsfundir skýrðu verkið vel sem heild.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Almenn ró og markviss vinna, þrátt fyrir ýmis vandamál sem komu upp.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarsveitin Tálkni	Ólafur Gunnbjörnsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Björgunarsveitin Tálkni, Björgunarsveitin Kópur, slökkvilið Tálknafjarðar, slökkvilið Vesturbyggðar, heilsugæsla og sjúkraflutningsmenn.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi (slysstað)

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Stjórnandi á vettvangi hefðu þurft að skipa undirstjórnendur sér til halds og trausts og fá betri yfirsýn.

Einhver fjarskipti hefðu þurft að vera á vettvangi.

Í grófum dráttum finnst mér æfingin hafa gengið vel og mikinn lærdóm megi draga af henni, svo sem að þörf sé á hnitmiðaðri skyndihjálparþjálfun.

Leikarar stóðu sig með mikilli þryði.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Flutningur af vettvangi gekk mjög vel yfirleitt var klár bíll þegar sjúklingar voru tilbúnir til flutnings.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flugradíómenn / AFIS	Finnbjörn / Torfi

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Starfsmenn Flugmálastjórnar á Bíldudalsflugvelli

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í flugturni og á slyasvæði

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Stuttur tími var til þess að æfa notkun reykköfunartækja.
Tækin bárust skömmu fyrir æfinguna og má ætla að kennsla Slökkviliðs Akureyrar tvisvar á ári muni bæta úr þessu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Of langan tíma tók að setja upp reykköfunartæki.
Æfingin skapar meistarann.
Vorum ekki í nógri æfingu þegar sprauta þarf úr monitor upp í vind.
Þó oftast sé leitast við að sprauta undan vindi þá er það alls ekki alltaf hægt.
Aðeins með æfingum er hægt að ná leikni og læra takmarkanir við þær aðstæður að sprauta þarf í hliðarvindi eða upp í vind.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við vorum velupplýstir um hlutverk þannig að það var skýrt, skipulag aðgerða var kynnt og æfingar með slökkviliði Akureyrar voru gagnlegar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Okkur gekk vel að halda okkar vinnuplani og náðum að vinna vel saman.
Reykköfunartækin virkuðu vel þegar þau voru komin á.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Flugvöllur	Bjarni Sighvatsson, Kristján Torfason.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Starfsmenn Flugmálastjórnar, starfsmaður flugrekanda,

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í flugturni og í flugstöð og nágrenni hennar.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki hafði verið gert ráð fyrir því í undirbúningi eða það æft að loka þyrfti flugbraut vegna komu sjúkraflugvélar á með aðgerðir stæðu yfir á og við flugbraut. Í samræmi við það gekk illa framan af að tryggja öryggi sjúkravélar í lendingu.

Búa þarf til og kynna flugradíómönnum plan um rýmingu flugbrautar við lendingu flugvéla á meðan á aðgerðum stendur. Nota keilur og borða til að stýra umferð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Starfsmaður flugrekanda sendi fólk úr flugstöð (góð útfærsla) með björgunarbúnað að slysstað. Nokkur vindur var og vildu teppi og annað fjúka af kerrunni sem notuð var til að ferja dótið með þannig að ferðin sóttist seint. *Starfsmenn flugmálastjórnar verða að finna lausn á flutningi búnaðar á slysstað annaðhvort að nota bíl til flutninga eða geta fergt/bundið þann búnað sem fluttur er á fraktkeru flugfélags*

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Starfsmaður flugfélags og starfsmenn Flugmálastjórnar á Bíldudalsvelli höfðu greinilega undirbúið sig vel og farið yfir verkferil hvers og eins.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Starfsmaður flugfélags stóð sig einstaklega vel. Notaði fólk í flugstöð til þess að fara með björgunargögn á vettvang, hengdi upp og lét hengja upp merkingar og lét rýma flugstöð af bekkjum og öðru til að gera stöðina klára fyrir uppsetningu söfnunarsvæðis slasaðra (SSS). Viðbrögð turnmanns við boðun slyss til 112 svo og önnur viðbrögð voru algerlega samkvæmt bókinni og gengu fumlaust fyrir sig.

Uppsetning og rekstur SSS tókst mjög vel og virtist sem uppsetningin sem lagt var upp með henti vel.

Pegar leið á æfinguna náðu stjórnendur góðum tókum á að rýma flugbraut vegna lendingu sjúkraflugvéla.

Flugslýsaæfingin Bíldudalur 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjöldahjálp	Jón Brynjar Birgisson Jóhanna Ólafsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rauða kross deild V-Barðastrandarsýslu.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

JBB var staddur í fjöldahjálparstöð/söfnunarsvæði aðstandenda. JÓ var stödd úti á flugvelli.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Í rauninni hefði þurft að vera heilt fjöldahjálparstjórnanámskeið á staðnum því nánast allir sjálfboðaliðarnir voru nýir í neyðarvarnamálum og eina fræðslan sem þeir fengu var skemmri skírn í fjöldahjálp. Æskilegt er fyrir Rauða krossinn að miða dagsetningar fjöldahjálparstjórnanámskeiða við æfingar af þessu tagi og mun það verða tekið til greina.
- Slökkviliðsmenn voru skyndilega settir í það hlutverk að leika aðstandendur og sendir inn í fjöldahjálparstöð / SSA. Rauða kross fólkið og leikararnir áttuðu sig ekki á því af hverju menn í slökkviliðsbúningum voru skyndilega farnir að haga sér illa og farnir að trufla starfsemina. Þetta kom þó ekki alvarlega að sök og myndi líklega ekki gerast í raunveruleikanum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis – æfing:

- Ekki var farið algjörlega eftir drögunum að áætluninni æfingardaginn sjálfan. Rauða kross fólkið fékk ekki aðgang að flugstöðinni (SSS) þar sem það hefði átt að eiga tvenns konar hlutverk, að sinna grænum og að koma aðstandendum úr flugstöðinni og í fjöldahjálparstöðina/SSA. Þeim var þess í stað vísað út á flugbraut til að sinna slösuðum þar. Þetta skapaði veruleg vandræði því aðstandendur voru eins og illa gerðir hlutir inni í flugstöðinni allan tímann. Sjálfboðaliðar sem biðu í fjöldahjálparstöðinni/SSA og hafði verið ætlað að hlyna að aðstandendum voru einnig óvirkir lengst af í æfingunni enda var fólkinu aldrei komið til þeirra.
- Rauða kross fólkinu hafði ekki verið tjáð að græna svæðið yrði ekki í flugstöðinni heldur í umræddri rútu. Þetta verður vonandi lagfært í áætluninni.
- Eins og alltaf þá er Rauði krossinn eyland þegar kemur að

fjarskiptamálum Vestur-Barðastrandarsýsludeild á engar talstöðvar sem er mjög slæmt þar sem öll samskipti, fyrirmæli og tilkynningar fara fram gegnum þær. Rauða kross deildin þarf að taka þetta málefni upp hjá sér. Hugsanlega gæti björgunarsveit þjónustað stöðvarnar fyrir hana.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Heimamenn komu vel stemmdir til leiks og voru ákveðnir í því að leysa æfinguna sem allra best. Upplýsingaflæði var til fyrirmyndar frá tengiliðnum á Patreksfirði (Davíð) til Rauða kross deildarinnar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Eins og áður sagði var Rauða kross fólkið sent út á flugbrautina til að sinna þolendum þar. Þrátt fyrir að ekki hefði verið gert ráð fyrir því í æfingunni var þetta ekki alslæmt. Grænir voru látnir bíða í rútu úti á flugbrautinni á meðan gulir og rauðir voru afgreiddir í SSS. Rauða kross fólk var með græna fólkinu allan tímann og sinnti þeim mjög vel. Sjálfsagt mál er að hafa græna svæðið í rútu hér eftir enda ber flugstöðin það varla að hafa bæði svæði fyrir gula, rauða og græna.
- Einnig fór Rauða kross fólkið með teppi til allra slasaðra sem voru að bíða eftir flutningi af vettvangi inn á SSS. Þetta gaf frábæra raun og má segja að sjaldan hafi slösuðum verið jafn vel sinnt úti á vettvangi og á þessari æfingu. Það má því velta því fyrir sér hvort þetta sé hugsanlega rétta leiðin, a.m.k. á fámennari stöðum þar sem heilbrigðisfólk, björgunarsveitir og slökkvilið eru undirmönnuð og önnum kafin.

Almennt:

Þetta var í heildina vel leyst æfing og heimamenn geta verið stoltir af sér því þrátt fyrir fámennið sýndu þeir að þeir geta vel leyst krefjandi verkefni af þessu tagi.

Ánægjulegt var að heyra hvað æfingin hafði góð áhrif á samstarfsvilja mismunandi eininga til framtíðar, svo sem Rauða kross deildarinnar og björgunarsveita.

Nafn aðgerðar :	Flugslýsaæfing Bíldudalsflugvelli, ÆFING!
Dagsetning aðgerðar :	10/07/2006
Tegund aðgerðar :	Leit að flugvél

Aðgerðaskráningar:		
KL	Skrásetjari	Athugasemd
13:34	Davíð Rúnar Gunnarsson	Tálkni mætir á svæðið
13:42	Lilja Magnúsdóttir	Æfing hafin, allar bjargir mættar og störf hafin.
13:42	Friðfinnur F Guðmundsson	flugvél frá akureyri kemur 14:10 með 6 manna greiningarsveit og eftirtalin lyf: IMJskemtamín +a ml 2 pakka sukstametón 50gr á ml 1 pakka morfín 10mg á ml 4 pakka stesolit 5mg á ml 2 pakka dormikum 1mg á ml 2pakka smeron 10 mg á ml 1 pakka propofol 10mg á ml 2 pakka 2 kúta 10 l súrefni blóð 12 einingar natríum cl 30 lítar amubelgi 2 stk hemohersít 6% í 500ml poka 10 poka
13:43	Lilja Magnúsdóttir	Verið er að koma fjarskiptum á innan vallar
13:44	Lilja Magnúsdóttir	Flugumferð er búin að tilkynna von á þyrlu kl. 14.05.
13:44	Daníel Eypór Gunnlaugsson	Beint símasamband við Samhæfingarstöðina komið á frá vettvangsstjórn.
13:45	Lilja Magnúsdóttir	Sjúkrabíll og lækni komnir á slysstað, óska eftir rútu til að flytja græna sjúklinga
13:47	Daníel Eypór Gunnlaugsson	Sjúkragögn sem koma með TF LÍF, ETA-14:05 4x öndunarvélar 8x súrefniskútar (10L) 25 skammtar MORFÍN 50 poka af vökva 500ml
13:47	Lilja Magnúsdóttir	Björgunarstjóri óskar eftir rauðakross fólki með rútu út á slysstað
13:50	Lilja Magnúsdóttir	Búið er að óska eftir upplýsingum frá björgunarstjóra um fjölda þolenda
13:50	Daníel Eypór Gunnlaugsson	Með TF-LÍF frá RVK kemur 6 manna greiningasveit LSH (ETA 14:05) Með DASH-8 frá Akureyri 6 manna greiningasveit (ETA 14:10)
13:50	Davíð Rúnar Gunnarsson	Svæðið ekki tryggt verið að telja
13:51	Lilja Magnúsdóttir	Farþegalisti kominn í hús
13:52	Lilja Magnúsdóttir	Þolendur í slysi eru 21
13:52	Daníel Eypór Gunnlaugsson	Fjöldi sjúklinga í flug: með TF-LÍF, 4 á börum með DASH-8 4 á börum
13:53	Lilja Magnúsdóttir	Talningastjóri mættur við SSS tilbúinn til starfa og með talstöð
13:54	Lilja Magnúsdóttir	Svæðið er tryggt en björgunarstjórinn er enn að telja
13:55	Davíð Rúnar Gunnarsson	2 björgunarsveitir á lausu hjá flutningsstjóra
13:58	Lilja	Vettvangsstjóri yfirgefur stjórnstöð til að fara út á vettvang,

	Magnúsdóttir	áætlanir taka að sér stjórn í stjórnstöð
13:59	Lilja Magnúsdóttir	Einn rauður á leið í SSS aðhlyningarstjóri veit af því.
14:00	Lilja Magnúsdóttir	Óskað eftir upplýsingum um fjölda þolenda í slysinu, björgunarstjóri svarar ekki
14:00	Davíð Rúnar Gunnarsson	Óskað eftir 1 rauðakrossmanni 2 bj.sv. menn tiltækir Annar bj.sv. maður fer á SSS hinn á biðsvæði.
14:08	Lilja Magnúsdóttir	SST tilkynnir að hægt sé að útvega tvær flugvélar í viðbót sem geta verið lentar hér um kl. 15.00
14:08	Davíð Rúnar Gunnarsson	Verið að loka braut
14:10	Davíð Rúnar Gunnarsson	1 flugvél bíður landingar 1 þyrlla bíður landingar
14:10	Davíð Rúnar Gunnarsson	Klárast að loka braut
14:12	Lilja Magnúsdóttir	Þyrllan er lent og 6 manna greiningarsveit með
14:13	Davíð Rúnar Gunnarsson	Þyrlla lent Verið að loka flugbraut vegna fastvængju sem er að koma
14:14	Lilja Magnúsdóttir	Samþykkt að þiggja þessar tvær vélar sem boðnar eru og SST mun koma þeim af stað
14:15	Davíð Rúnar Gunnarsson	Flugbraut klár
14:17	Friðfinnur F Guðmundsson	TF-SIF veður á Bíldudal kl:14:50. með henni er hefðbundin áhöfn auk 1 frá SHS sem fylgir sjúklingum til baka.
14:17	Lilja Magnúsdóttir	Flugvallarslökkvibíll er klár með vatni og maður með honum ef þörf er á slökkvibúnaði í viðbót. Björgunarstjóri látinn vita
14:17	Friðfinnur F Guðmundsson	TF-SIF getur tekið 1 í börum og annan lítið slasaðan sitjandi eða liggjandi
14:17	Davíð Rúnar Gunnarsson	Óskað eftir gæslu á hlaði flutningastjóri reddar
14:18	Friðfinnur F Guðmundsson	Dornier lendir á Bíldudal kl14:55. Með henni er áhöfn auk sjúkraflutningsmanna og 1 læknir sem fylgja sjúklingum til baka. Dornier tekur 2 í börum.
14:20	Lilja Magnúsdóttir	Björgunarstjóri tilkynnir að 18 þolendur séu fundnir engin sundurliðun
14:20	Davíð Rúnar Gunnarsson	Flugvélabíll klár (slökkviliðsbíll) ekki næst í björgunarstjóra látin vita við fyrsta tækifæri
14:21	Davíð Rúnar Gunnarsson	Kópur klár mætir
14:23	Lilja Magnúsdóttir	Fjöldi björgunarmanna á svæðinu er áætlaður milli 40 og 50
14:25	Lilja Magnúsdóttir	4 rauðir komnir í hús 1 gulur og 1 grænn
14:25	Friðfinnur F Guðmundsson	Fréttatilkynning send frá SST um slysið og gang mála. Um 50 manns vinna nú að björgunarstörfum á Bíldudal þar sem flugvél fór út af flugbrautinni kl 13:19 í dag. Flugvélin brotnaði og eldar kviknuðu. Erfiðar aðstæður eru á vettvangi mikill vindur en ekki úrkoma. Nánari upplýsingar verða gefnar á blaðamannafundi í Skógarhlíð 14 núna kl: 15:00.

14:28	Lilja Magnúsdóttir	Óskað eftir að SST komi á sambandi við fjöldahjálparstöð á Bíldudal og haldi því sambandi til að hægt verði að koma upplýsingum á framfæri.
14:28	Davíð Rúnar Gunnarsson	Óskað eftir stöðu á grænum Enn verið að taka á móti
14:30	Davíð Rúnar Gunnarsson	Klárast að loka fyrir þyrlu
14:31	Davíð Rúnar Gunnarsson	Svæðið klárt fyrir þyrlu
14:33	Friðfinnur F Guðmundsson	SST er komin í samband við fjöldahjálparstöð á Bíldudal. Rætt var við Birnu og hún upplýst um stöðuna.
14:33	Davíð Rúnar Gunnarsson	Dornier lendir eftir 4 mín óskað eftir lendingu
14:34	Davíð Rúnar Gunnarsson	Vanta fólk í burð út í flug Ekki til losna bráðum
14:37	Friðfinnur F Guðmundsson	aðhlyningarstjóri tilkynnir um 2 sjúklinga tilbúna til flutnings frá Bíldudal nr#1 áverki: slæmt brot unglíngur nr#2 áverki bruni unglíngur Eru að fara af stað eiga að fara til Reykjavíkur
14:37	Davíð Rúnar Gunnarsson	Komnir inn í hús 1 grænn 4 gulir 4 rauðir
14:38	Lilja Magnúsdóttir	komnir sjúklingar í hús 1 grænir 4 gulir 4 rauðir og bíll að koma
14:39	Davíð Rúnar Gunnarsson	Flugbraut klár
14:40	Davíð Rúnar Gunnarsson	Dornier að lenda og fer inn á plan
14:42	Davíð Rúnar Gunnarsson	Vettvangsstjórn er búin að ná tókum á ástandinu. Björgunarstjóri er ekki búinn að gefa upp ákveðna tölu þolenda.
14:42	Davíð Rúnar Gunnarsson	Græn rúta að koma fjöldi óviss Gæslustjóra sagt að telja áður en rútan fer af staðnum
14:43	Friðfinnur F Guðmundsson	tvær vélar Twin Otter báðar geta tekið 2 í börur. geta verið á Bíldudal kl15:30. Vantar staðfestingu á þörf.
14:44	Davíð Rúnar Gunnarsson	2 lausir menn
14:46	Davíð Rúnar Gunnarsson	Óskað eftir hundi til leitar
14:46	Davíð Rúnar Gunnarsson	Hundur á leið á svæðið
14:46	Friðfinnur F Guðmundsson	Greiningarnúmer þeirra 2 sjúklinga sem skráðir voru í flutning kl:14:37 eru: #372 og #95
14:47	Lilja Magnúsdóttir	Á vettvangi eru 19 fundnir og 17 farnir af slyssað
14:48	Davíð Rúnar Gunnarsson	Hundur settur á vettvang
14:48	Davíð Rúnar Gunnarsson	5 grænir í rútu
14:51	Lilja Magnúsdóttir	Ytri lokun og innri lokun er orðin sú sama
14:52	Friðfinnur F Guðmundsson	Í TF-LÍF fór #88 með innvortis blæðingu #79 með opið beinbrot á báðum fótum og áður skráðir #95 #372 og

14:56	Lilja Magnúsdóttir	Vélar sendar af stað á ábyrgð SST
14:56	Friðfinnur F Guðmundsson	Twin Otterar frá Akureyri fara í loftið með ETA kl:15:30 á Bíldudal. Ef ekki verður þörf mun SST snúa þeim við.
14:59	Lilja Magnúsdóttir	TF Líf er farin í loftið
15:00	Lilja Magnúsdóttir	Aðhlyningarstjóri þiggur vélar frá Akureyri
15:00	Lilja Magnúsdóttir	Rútan er að fara 5 grænir og RKÍ fara á Bíldudal
15:02	Lilja Magnúsdóttir	Gæslustjóri óskar aðstoðar við að hafa stjórn á aðstandendum sem vilja fá upplýsingar um ættingja, eru komnir hér á völlinn og eru að valda truflun
15:02	Davíð Rúnar Gunnarsson	4 aðstandendur mæta Gæsla þarf aðsoð frá Björgunarstjóra
15:03	Friðfinnur F Guðmundsson	TF-LÍF tilkynnir ETA Reykjavík 15:45 um borð eru 4 sjúklingar
15:05	Friðfinnur F Guðmundsson	RNF er með í annarri vélinni sem er með ETA á Bíldudal kl15:30
15:05	Lilja Magnúsdóttir	Óskað upplýsinga um hvenær von er á RNF til að hægt sé að ganga frá vettvangi
15:08	Davíð Rúnar Gunnarsson	2 bílar með lausan mannskap í gæslu
15:10	Lilja Magnúsdóttir	Aðstandendur fóru inn á Bíldudal og gæslustjóri afþakkar mannskapinn sem hann óskaði eftir áður.
15:11	Lilja Magnúsdóttir	Björgunarstjóri tilkynnti svæðið tryggt, allir slasaðir farnir af vettvangi og hann bíður fyrir mæla.
15:13	Lilja Magnúsdóttir	Dash vélin er tilbúin til flugtaks
15:13	Lilja Magnúsdóttir	Vantar flutning fyrir 14 manns á Bíldudal umbeðið gæslustjóri
15:17	Lilja Magnúsdóttir	Flugbraut klár, Dash vélin að fara
15:19	Lilja Magnúsdóttir	Flutningurinn er fyrir útskrifaða sjúklinga!
15:20	Friðfinnur F Guðmundsson	Dash 8 fór frá Bíldudal með henni: #99 bruni #311 #89 #66
15:21	Friðfinnur F Guðmundsson	Með TF_SIF fór #320 höfuðáverka
15:22	Friðfinnur F Guðmundsson	Allir sem flytja þarf frá Bíldudal með sjúkraflugi eru farnir samtals 9 manns. Allir fluttir til Reykjavíkur Ekki þörf á frekari sjúkraflugi
15:24	Lilja Magnúsdóttir	Vettvangsstjóri afþakkar frekari flutning og óhætt að snúa annarri vélinni við
15:25	Friðfinnur F Guðmundsson	Öðrum Twin Otter snúið frá. ekki þörf á honum. Hinn kemur með RNF.
15:25	Davíð Rúnar Gunnarsson	2 Twin Otter 15 30 snúið við 15 35 RNF
15:31	Lilja Magnúsdóttir	Vélin með RNF er lent

15:35	Davíð Rúnar Gunnarsson	Tilkynnt að æfingu á flugvelli sé lokið á flugvellingnum sjálfum, fjöldahjálparstöðinni er ennþá opin
15:42	Lilja Magnúsdóttir	Öllum störfum á vettvangi er að ljúka og verið er að slíta æfingunni hér úti á velli. Allar bjargir eru komnar í hús og eru að fá sér hressingu.
15:45	Lilja Magnúsdóttir	Ekki er hægt að skrá allar bjargir þar sem slökkvilið og heilsugæsla eru ekki inni í grunninum en við áætluðum að rúmlega 50 manns hafi tekið þátt í æfingunni
15:50	Davíð Rúnar Gunnarsson	Fjöldahjálparstöð lokað. Verið að taka saman og fara heim.
15:52	Lilja Magnúsdóttir	Búið er að slíta sambandi við SST, takk fyrir hjálpina.
15:57	Friðfinnur F Guðmundsson	SST hefur lokið störfum
16:00	Davíð Rúnar Gunnarsson	Æfingu lokið. Þátttakendum á flugvelli safnað saman og þökkuð góð æfing
18:13	Lilja Magnúsdóttir	Frágangur á skýrslu, lagfærðir hópar. Alls tóku þátt hátt í 60 manns frá 3 björgunarsveitum, 3 slökkviliðum, Rauðakrossdeild, Heilbrigðisstofnun og lögreglu.

Fjöldi skráninga í aðgerð: **98**

Prentað úr Aðgerðagrunni Slysavarnafélagsins Landsbjargar þann 10/26 klukkan 08:40 PM

